



Ungmennasamband Borgarfjarðar · Stofnað 26. apríl 1912

Þinggerð 104. sambandsþings UMSB

Logalandi · 29. apríl 2026

Setning þings

Guðrún Hildur Þórðardóttir, sambandsstjóri UMSB, bauð fundarmenn velkomna á 104. sambandsþing UMSB.

Guðrún lagði til að Aðalsteinn Símonarson yrði kjörinn þingforseti og Álfheiður Sverrisdóttir varaþingforseti.

Samþykkt samhljóða.

Í setningarávarpi sínu fór Guðrún yfir starfsemi sambandsins á liðnu sambandsári og ræddi meðal annars stöðu samningaviðræðna við Borgarbyggð. Hún lagði áherslu á mikilvægi góðs samstarfs milli sveitarfélagsins og hreyfingarinnar auk mikilvægis öflugs íþrótta- og æskulýðsstarfs í héraðinu.

Guðrún fór einnig yfir hefðbundin verkefni sambandsins, svo sem kjör íþróttamanneskju ársins og formannafundi aðildarfélaga, auk samskipta UMSB við ÍSÍ og UMFÍ.

Guðrún hvatti einnig fundarmenn til þátttöku á opnum íbúafundi með framboðum til sveitarstjórnar í sameinuðu sveitarfélagi Borgarbyggðar og Skorradalshrepps þar sem rætt yrði um íþróttir, heilsueflingu og lýðheilsu.

Þá óskaði hún Ungmennafélagi Reykdæla til hamingju með hvatningarverðlaun UMFÍ fyrir öflugt íþróttastarf þar sem lögð er áhersla á þátttöku allra.

Að lokum þakkaði Guðrún stjórn UMSB og framkvæmdastjóra fyrir gott samstarf á liðnum árum og minntist Svölu Svavarsdóttur, gjaldkera UMSB, sem lést á starfsárinu. Fundarmenn risu úr sætum og minntust Svölu með einnar mínútu þögn.

Kosning þingforseta og ritara

Þingforseti, Aðalsteinn Símónarson, lagði til að Þóra Geirlaug Bjartmarsdóttir og Sölvi G. Gylfason yrðu kjörin ritara þingsins.

Samþykkt samhljóða.

Kosning kjörbréfanefndar

Lagt var til að Kristján Jóhannes Pétursson og Hafís Jóhannsdóttir skipuðu kjörbréfanefnd.

Samþykkt samhljóða.

Afrekssjóður UMSB

Sambandsstjóri afhenti styrki úr Afrekssjóði UMSB. Sex umsóknir bárust og hlutu allir umsækjendur styrk.

Eftirtaldir einstaklingar hlutu styrki:

Styrkþegi	Styrkur (kr.)
Erla Ágústsdóttir	200.000 kr.
Guðbjörg Bjartey Guðmundsdóttir	200.000 kr.
Kristín Þórhallsdóttir	300.000 kr.
Kristín Eir Hauksdóttir Holaker	150.000 kr.
Sigursteinn Ásgeirsson	200.000 kr.
Sindri Karl Sigurjónsson	150.000 kr.

Sambandsstjóri óskaði styrkþegum til hamingju.

Skýrsla stjórnar og reikningar

Bjarney L. Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri UMSB, fór yfir störf UMSB á starfsárinu og kynnti ársreikning ársins 2025.

Framkvæmdastjóri tók fram að ársskýrsla UMSB væri eingöngu rafræn og að hana mætti nálgast á heimasíðu sambandsins.

Farið var yfir starfsemi ársins, meðal annars sambandsþing fyrra árs, formannafundi, starfsstyrki, breytingar á lottótekjum, Afrekssjóð UMSB, viðurkenningar og kjör íþróttamanns Borgarfjarðar, auk annarra verkefna sambandsins.

Fram kom að rekstur sambandsins hefði verið hallarekinn á árinu og að ferðastyrkir hefðu verið felldir niður.

Samkvæmt rekstrarreikningi ársins námu rekstrartekjur 62.870.734 kr. og rekstrargjöld 66.297.913 kr. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði var tap upp á 3.427.179 kr. Fjármunatekjur umfram fjármagnsgjöld námu 493.215 kr. og var því tap tímabilsins 2.933.964 kr.

Samkvæmt efnahagsreikningi námu heildareignir sambandsins í árslok 23.102.029 kr. og eigið fé 12.105.804 kr.

Álit kjörbréfanefndar

Kristján Jóhannes Pétursson fór yfir kjörbréf og las upp kjörna þingfulltrúa aðildarfélaga með atkvæðisrétt á þinginu.

Eftirfarandi fulltrúar voru skráðir:

- Ólafur Jóhannesson fyrir hönd Umf. Dagrenningar Borgarfirði
- Kristleifur Jónsson og Sjöfn G. Vilhjálmisdóttir fyrir hönd Umf. Reykdæla
- Kristján Guðmundsson, Gunnar Örn Kárasen, Jónína Svavarsdóttir og Borgar Páll Bragason fyrir hönd Umf. Íslendinga
- Sigurlaug Kjartansdóttir og Hafðís Jóhannsdóttir fyrir hönd Umf. Stafholtstungna
- Sæunn Ósk Kjartansdóttir fyrir hönd Frjálsíþróttafélags Borgarfjarðar
- Haraldur Haraldsson og Hulda Geirsdóttir fyrir hönd Hjólreiðafélags Vesturlands
- Birgitta Rán Ásgeirsdóttir, Sölvi G. Gylfason, Gunnfríður Ólafsdóttir, Gunnar Bragi Jónasson og Jón Theódór Jónsson fyrir hönd Umf. Skallagríms
- Kristján Gíslason, Þorsteinn Hjaltason, Sigríður Ása Guðmundsdóttir og Valdimar Reynisson fyrir hönd Hestamannafélagsins Borgfirðinga

Fram kom að nokkur aðildarfélög hefðu ekki sent fulltrúa á þingið.

Kosning starfsnefnda þingsins

Þingforseti lagði til fyrir hönd stjórnar UMSB að þingið starfaði allt sem ein heild og að ekki yrði kosið í hefðbundnar starfsnefndir. Kristján Gíslason tók til máls og lagðist gegn þessari tillögu. Var hún síðan borin upp til atkvæða og felld.

Í kjölfarið voru eftirfarandi tillögur samþykktar samhljóða:

- Kristján Gíslason formaður fjárhagsnefndar
- Kristján Jóhannes Pétursson formaður allsherjarnefndar
- Sæunn Ósk Kjartansdóttir formaður íþróttanefndar

Sæunn Ósk Kjartansdóttir þurfti síðar að yfirgefa þingið og tók Kristján Guðmundsson við formennsku íþróttanefndar.

Inntaka nýrra aðildarféлага

Engin umsókn um inngöngu nýrra aðildarféлага hafði borist.

Stjórn UMSB hafði hins vegar borist skriflegt erindi frá Golfklúbbnum Skriflu um úrsögn úr UMSB. Stjórn sambandsins hafði samþykkt úrsögnina samkvæmt 7. grein laga UMSB með fyrirvara um staðfestingu sambandsþings.

Úrsögnin var samþykkt samhljóða.

Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga

Umræður urðu um ársreikning sambandsins og rekstrartap ársins. Spurt var hvort tapið skýrðist af uppsöfnuðum útgjöldum en fram kom að óvæntir atburðir og útgjöld hefðu haft þar mest áhrif.

Einnig var rætt um samningsstöðu UMSB við Borgarbyggð. Guðrún Hildur Þórðardóttir og Bjarney L. Bjarnadóttir fóru yfir stöðu viðræðna og kom fram að samningar hefðu ekki enn náðst.

Fundarmenn voru hvattir til að mæta á fund með frambjóðendum sveitarstjórnarkosninga og ræða stöðu mála.

Ávörp gesta

Margrét Sif Hafsteinsdóttir, fulltrúi UMFÍ, flutti ávarp.

Hún óskaði styrkþegum og þeim sem hlutu viðurkenningar til hamingju og ræddi meðal annars stefnumótunarvinnu UMFÍ og ÍSÍ, mikilvægi fjárfestingar í íþróttastarfi og stuðningssjóði UMFÍ.

Trausti Gylfason, fulltrúi ÍSÍ, flutti einnig ávarp og skilaði kveðju frá forseta ÍSÍ, Willum Þór Willumssyni.

Trausti hrósaði sjálfboðaliðum í íþróttastarfi og fjallaði um mikilvægi ferðastyrkja og stuðningssjóða ÍSÍ. Þá vísaði hann til afreka íþróttafólks og félaga úr héraðinu.

Lagðar fram tillögur og lagabreytingar, þ.m.t. fjárhagsáætlun og árgjald félaga

Þingforseti vísaði tillögum og þingskjölum til nefnda. Jafnframt benti hann á að fjárhagsáætlun fyrir árið 2026 væri ekki meðal framlagðra tillagna. Formanni og framkvæmdastjóra var falið að ljúka við fjárhagsáætlun sem til voru drög að og leggja hana fyrir fjárhagsnefnd til umsagnar.

Eftirfarandi tillögum var vísað til nefnda:

- Þakkartillögum til sveitarfélaga, UMFÍ og ÍSÍ var vísað til allsherjarnefndar.
- Hvatningartillögum um þátttöku á Unglingalandsmóti UMFÍ og Landsmóti UMFÍ 50+ var vísað til íþróttanefndar.
- Tillögu um félagaskatt að upphæð 450 kr. á hvern skattskyldan félaga fyrir árið 2026 var vísað til fjárhagsnefndar.
- Tillögu um skipan Írisar Grönfeldt í valnefnd fyrir kjör íþróttamanneskju Borgarfjarðar 2026 var vísað til íþróttanefndar.
- Tillögu um breytingar á lögum UMSB var vísað til allsherjarnefndar.
- Tillögu um að víkja ákveðnum aðildarfélögum úr UMSB vegna vanrækslu á skilum ársreikninga og starfsskýrslna var vísað til allsherjarnefndar.
- Tillögu um breytingar á reglugerð Afrekssjóðs UMSB var vísað til íþróttanefndar.
- Tillögu um kjör skoðunarmanna ársreikninga UMSB fyrir árið 2026 var vísað til fjárhagsnefndar.

Hafsteinn Pálsson meðstjórnandi í framkvæmdastjórn ÍSÍ tók til máls og ræddi mikilvægi þess að fjárhagsáætlun væri raunhæfur grunnur fyrir starfsemi sambandsins.

Þinghlé

Þinghlé var gert meðan starfsnefndir störfuðu.

Tillögur starfsnefnda þingsins til umræðu og atkvæðagreiðslu

Kristján Jóhannes Pétursson kynnti þakkartillögur allsherjarnefndar samkvæmt þingskjali 1. Í tillögunum fólst meðal annars að UMSB sendi sveitarfélögum á starfssvæði sambandsins, UMFÍ og ÍSÍ þakkir fyrir samstarf og stuðning á liðnu ári.

Samþykkt samhljóða.

Kristján Guðmundsson kynnti hvatningartillögur íþróttanefndar samkvæmt þingskjali 2. Þar voru aðildarfélög hvött til þátttöku á Unglingalandsmóti UMFÍ á Sauðárkróki og Landsmóti UMFÍ 50+ árið 2026.

Samþykkt samhljóða.

Kristján Gíslason kynnti tillögu fjárhagsnefndar samkvæmt þingskjali 3 um að félagaskattur árið 2026 yrði 450 kr. á hvern skattskyldan féлага.

Samþykkt samhljóða.

Kristján Guðmundsson kynnti tillögu samkvæmt þingskjali 4 um að Íris Grönfeldt yrði skipuð í valnefnd fyrir kjör íþróttamanneskju Borgarfjarðar 2026.

Samþykkt samhljóða.

Kristján Jóhannes Pétursson kynnti breytingartillögu allsherjarnefndar samkvæmt þingskjali 5 um breytingar á 14. grein laga UMSB varðandi skipan stjórnar og kjör stjórnarmanna. Eftir nokkra umræðu um breytingartillöguna var Kristjáni Jóhannesi Péturssyni, Hafsteini Pálssyni frá ÍSÍ og Bjarneyju Bjarnadóttur starfsmanni UMSB falið að vinna breytingartillöguna samkvæmt umræðu. Þingforseti frestaði frekari umfjöllun og afgreiðslu tillögunnar þar til aðrar tillögur sem fyrir lágu væru afgreiddar.

Kristján Jóhannes Pétursson kynnti í kjölfarið tillögur allsherjarnefndar samkvæmt þingskjali 6 um að víkja eftirtöldum félögum úr UMSB vegna þess að þau hefðu ekki haldið aðalfund né skilað starfsskýrslu, ársskýrslu og ársreikningi í tvö ár samfelld eða lengur:

- Dansíþróttafélagi Borgarfjarðar
- Mótorsportfélagi Borgarfjarðar
- Skotfélagi Vesturlands
- Umf. Agli Skallagrímssyni

Ólafur Jóhannesson tók til máls varðandi þingskjal 6 og taldi að aðildarfélög ættu sjálfkrafa að falla út ef þau uppfylltu ekki skilyrði aðildar.

Tillögurnar voru samþykktar.

Þingskjal 8 um skoðunarmenn ársreikninga var ekki lagt fram þar sem það á heima undir liðnum kosningar.

Kristján Guðmundsson kynnti þrjár tillögur frá íþróttanefnd:

- Áskorun til Borgarbyggðar um að ljúka samningagerð við UMSB.
- Fagna nýju fjölnota íþróttahúsi sem væri langt komið.
- Hvatning til allra að mæta á meistaramót fyrir 11–14 ára í frjálsum íþróttum sem haldið verður í Borgarnesi sumarið 2026.

Áskoranirnar voru samþykktar samhljóða.

Fjárhagsáætlun 2026

Ungmennasamband Borgarfjarðar

Rekstrarreikningur - Áætlun

	Skýr.	Áætlun 2026	Raun 2025	Raun 2024
Rekstrartekjur				
Félagaskattur	1	400.000	352.800	816.750
Framlög og styrkir	2	29.000.000	28.589.433	27.524.076
Lottó	3	12.000.000	10.785.143	13.130.215
Húsa- og vallarleigutekjur	4	34.500.000	33.928.501	33.527.866
Rekstrartekjur alls		75.900.000	73.655.877	74.998.907
Rekstrargjöld				
Laun og verktakagreiðslur	5	13.000.000	12.493.391	12.011.568
Styrkir til aðildarfélaga	6	17.000.000	16.188.324	22.966.815
Áhöld og tæki	7	10.000	9.929	9.515
Þáttaka í mótum	8	0	242.550	559.300
Kostnaður v/ mótahalds	9	0	0	278.667
Rekstur mannvirkja	10	34.000.000	33.634.750	41.839.336
Rekstur skrifstofu	11	2.000.000	2.048.172	1.713.546
Kynning, fræðsla, útbreiðsla	12	0	100.000	658.006
Sérverkefni/viðurkenningar	13	700.000	715.410	684.186
Önnur gjöld	14	0	13.850	11.313
Afskriftir rekstrarfjármuna	15	500.000	851.537	0
Rekstrargjöld alls		67.210.000	66.297.913	80.732.252
Rekstrarafkoma án fjárm.- og fjárm.liða		8.690.000	7.357.964	-5.733.345
Fjármunatekjur-fjármagnsgjöld				
Fjármunatekjur		500.000	521.112	744.263
Fjármagnsgjöld		-25.000	-27.897	-265.490
		475.000	493.215	478.773
Rekstrarafkoma tímabils		9.165.000	7.851.179	-5.254.572
Sundurliðanir				
1. Félagaskattur				
Félagaskattur		500.000	352.800	816.750
		500.000	352.800	816.750
2. Framlög og styrkir				
Styrkir ÍSÍ og UMFÍ				
Útbreiðslustyrkir ÍSÍ		0	0	523.166
Fræ og verksj. UMFÍ		500.000	1.494.201	825.000

	500.000	1.494.201	1.348.166
Styrkir, bæjarfélag			
Styrkir frá sveitarfélögum	16.000.000	15.733.391	14.987.192
Skorradalshreppur	315.000	303.935	286.453
	16.000.000	16.037.326	14.987.192
Aðrir styrktaraðilar			
Ísl Getraunir 3% héraðssamb.			
Styrkir almennir	0	272.763	-583.007
Unglingalandsmót	0		5.130.215
	0	272.763	4.547.208
3. Lottó			
Lottó ÍSÍ	7.000.000	7.032.613	5.973.733
Lottó UMFÍ	4.000.000	3.752.530	5.797.992
	11.000.000	10.785.143	11.771.725
4. Húsa- og vallarleigutekjur			
Húsaleiga	1.200.000	900.000	900.000
ULM Ríkisframlag uppbygging v.mannvirkja	0	0	8.000.000
Umhirða íþróttavalla	9.200.000	9.028.501	8.627.866
Reiknuð leiga íþróttamannvirkja	24.000.000	24.000.000	24.000.000
Húsa og vallarleigutekjur	34.400.000	33.928.501	41.527.866
Heildartekjur samtals	62.400.000	62.870.734	74.998.907
Sundurliðanir			
5. Laun og verktakagreiðslur			
Laun skrifstofu	9.000.000	8.802.200	8.367.450
Tryggingagjald	800.000	711.685	678.606
Lífeyrissjóður	1.800.000	1.745.475	1.659.263
Orlofs- og sjúkrasjóður	160.000	154.031	146.432
Slysatryggingar	13.000	0	12.137
Laun og verktakagreiðslur	11.773.000	11.413.391	10.863.888
Bifreiðakostnaður	680.000	660.000	727.680
Dagpeningar	420.000	420.000	420.000
Bifreiðakostnaður og dagpeningar	1.100.000	1.080.000	1.147.680
Starfssamningur við UMFÍ tekjur	0	0	0
VMST - Hefjum störf	0	0	0
Bifreiðakostnaður og dagpeningar	0	0	0
Laun og verktakagreiðslur alls	13.000.000	12.493.391	12.011.568
6. Styrkir til aðildarfélaga			
Aðildarfélög v lottó	7.500.000	7.274.217	7.254.556
Afreksmannasjóður v lottó	6.150.000	607.223	603.646
Starfsstyrkir til aðildarfélaga	8.000.000	7.636.884	7.236.880
Vinnustyrkur ULM	0	0	6.471.733
Sérstakir styrkir (KPMG)	0	0	0
Ferðastyrkir (2020 er leiðr v/2018)	0	670.000	1.400.000

	Styrkir til aðildarfélaga alls	21.650.000	16.188.324	22.966.815
7.	Kostnaður v/ mótahalds			
	Verðlaunapeningar			
	Kostnaður móts	0	0	
	Skráningargjöld ULM	0	252.479	559.300
	Landsmót	0	0	278.667
	Húsaleiga Þorsteinsgata 5	0	0	874.310
	Kostnaður v/ mótahalds alls	0	0	1.712.277
8.	Rekstur mannvirkja			
	Reiknuð leiga íþróttamannvirkja	24.000.000	24.000.000	24.000.000
	Umhirða íþróttavalla	9.000.000	8.550.000	8.040.000
	Uppbygging íþróttasvæða ULM	0	0	8.000.000
	Rekstur Borgarbraut 61			
	Tryggingar	65.000	62.118	50.165
	Viðhald - Málun			
	Fasteignagjöld og fráveitugj	80.000	77.600	131.370
	Annar kostnaður	50.000	87.027	22.514
	Sameiginlegur kostnaður	900.000	858.005	730.492
	Rekstur mannvirkja alls	34.095.000	33.634.750	40.974.541
9.	Rekstur skrifstofu			
	Sími	0	24.280	23.374
	Ritföng, prenthylki og annar skrifst.kostn	15.000	14.298	37.672
	Kostnaður v funda	100.000	104.702	128.492
	Skrifborð og önnur áhöld (fánastöng)	0	3.472	
	Tölvukostnaður	1.200.000	1.189.327	980.505
	Bókhaldskostnaður	400.000	353.625	378.783
	Annar skrifstofukostnaður	150.000	358.468	164.720
	Rekstur skrifstofu	1.865.000	2.048.172	1.713.546
10.	Kynning fræðsla og útbreiðsla			
	Ferðakostnaður v/námskeiða	0	0	
	Styrkir	0	0	
	Fréttabréf / auglýsingar	0	100.000	
	Námskeið	0	0	230.000
	Íþróttamaður Borgarfjarðar	700.000	715.410	684.186
	Þing- og samráðsfundir	400.000	0	428.006
	Bankakostnaður	15.000	13.850	11.313
	Afskriftir	0	851.537	0
	Kynning fræðsla og útbreiðsla	1.115.000	1.680.797	1.353.505

Við umræðu um fjárhagsáætlun tók Hafdís Jóhannsdóttir til máls og lagði fram breytingartillögu um að 250.000 kr. yrðu áætlaðar til þátttöku í mótum.

Sambandsstjóri tók til máls og benti á að erfitt væri að áætla fjármagn í málaflokkinn ef tekjur lægju ekki fyrir.

Gunnar Örn Kárason tók einnig til máls og ræddi mikilvægi þess að fjárhagsáætlun byggði á raunhæfum forsendum.

Breytingartillaga Hafdísar var samþykkt með 16 atkvæðum gegn einu.

Fjárhagsáætlun ársins 2026 var í kjölfarið samþykkt með 12 atkvæðum gegn einu.

Breytingar á lögum UMSB – áframhald umræðu

Þingskjal 5 var tekið fyrir að nýju. Bjarney L. Bjarnadóttir fór yfir breytingartillögu á 14. grein laga UMSB og ákvæði til bráðabirgða.

Hafsteinn Pálsson, meðstjórnandi í framkvæmdastjórn ÍSÍ, tók til máls varðandi bókunina. Þá tóku Bjarney L. Bjarnadóttir og Kristján Gíslason einnig til máls.

Breytingartillaga á 14. grein laga UMSB var samþykkt samhljóða.

Reikningar bornir til atkvæðagreiðslu

Ársreikningur UMSB fyrir árið 2025 var borinn upp til samþykktar.

Samþykktur samhljóða.

Kosning stjórnar

Tillögur uppstillingarnefndar um stjórn UMSB fyrir starfsárið 2026–2027 voru lagðar fram.

Sambandsstjóri

- Guðrún Hildur Þórðardóttir, kjörin til eins árs

Aðalmenn

- Ólafur Daði Birgisson, kjörinn til tveggja ára
- Hafdís Jóhannsdóttir, kjörin til eins árs

- Þórunn Unnur Birgisdóttir, kjörin til tveggja ára
- Kristján Jóhannes Pétursson, á eitt ár eftir

Varamenn

- Einar Reynisson, á eitt ár eftir
- Þórdís Arnardóttir, kjörin til tveggja ára

Skoðunarmenn ársreikninga

- Sigríður Bjarnadóttir
- Einar Ole Pedersen

Varaskoðunarmenn

- Guðmundur Sigurðsson
- Gunnar Örn Kárasen

Tillögur uppstillingarnefndar voru bornar upp til samþykktar.

Tillögurnar voru samþykktar samhljóða.

Stjórn Afrekssjóðs UMSB

- Rósa Marínós
- Íris Grönfeldt
- Aðalsteinn Símonarson

Varamaður

- Sölvi G. Gylfason

Tillögur uppstillingarnefndar voru samþykktar samhljóða.

Kosning á íþróttaping ÍSÍ

Íþróttaping verður haldið næst í maí 2027, því var ekki þörf á að kjósa á íþróttaping að þessu sinni.

Önnur mál

Rætt var um skipan uppstillingarnefndar fyrir næsta sambandsþing og fundarmenn hvattir til að gefa kost á sér til starfa.

Ólafur Jóhannesson, Bjarney L. Bjarnadóttir og Guðrún Hildur Þórðardóttir tóku til máls undir liðnum.

Frágangur þinggerðar og þingslit

Þingforseti lagði til að riturum þingsins og þingforseta yrði falið að ganga frá þinggerð og yrði hún birt innan 10–15 daga á heimasíðu UMSB.

Guðrún Hildur Þórðardóttir þakkaði fundarmönnum fyrir þingið, bauð nýja stjórn velkomna til starfa og sleit þinginu.

Ritarar þingsins

Þóra Geirlaug Bjartmarsdóttir

Sölvi G. Gylfason